

eins og krafizt var, en eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Agli Vilhjálmssyni h.f., kr. 47.500.00 með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1957 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 10. desember 1957.

Nr. 92/1956. Eigendur v/b Orra, SH 95, þeir Lúðvík Kristjánsson, Sigurður Kristjónsson og Víglundur Jónsson,

og

Bátatrygging Breiðafjarðar

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Eigendum v/s Odds, VE 353,

þeim Guðmundi H. Oddssyni og Helga Benediktssyni, og gagnsök

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Ólafur Jóhannesson.

Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1956.

Gagnáfrýjendur hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1957 áfrýjað málinu með stefnu sama dag.

Í máli þessu hefur eigi verið kannað til neinnar hlítar,

hverjar landfestar v/s Odds slitnuðu og hver var festing skips þessa við bryggjuna, þá er ákvörðun var tekin um að leggja því frá henni. Mjög brestur á, að með gagnasöfnun og reifun máls hafi nægilega verið leitast við að leiða í ljós, hvort v/s Oddi hafi verið unnt án mikils háska að halda sig við bryggjuna lengur heldur en téð skip gerði, eftir að fárviðrið skall á, hvaða ráð hafi verið skipverjum v/s Odds tiltækileg til bjargar sínu skipi og bjargar v/b Orra og hvort það hafi verið á færi skipverja á v/s Oddi að sinna v/b Orra, án þess að stofna sér og v/s Oddi í bráðan háska. Í héraðsdóm vantar alveg greinargerð hinna siglingafróðu dómenda um þau efni, sem talin voru, og svo rök um þau og ályktanir, er reistar væru á slíkri greinargerð.

Samkvæmt framansögðu hefur gagnasöfnun og reifun máls þessa í héraði eigi verið nægilega rækileg, og héraðsdómendur hafa eigi gætt fyrirmæla 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað.

Hver aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. maí 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. þ. m., hafa eigendur m/b Orra, SH 95, þeir Lúðvík Kristjánsson ritstjóri, Reykjavík, og Sigurður Kristjónsson og Víglundur skipstjóri Jónsson, báðir í Ólafsvík, höfðað með stefnu, útgefinni 11. október 1954, fyrir sjó- og verzlunardóminum f. h. sína og skipverja þeirra, er voru á nefndum vélbáti vetrarvertíð 1954, gegn eigendum v/s Odds, VE 353, þeim Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, Reykjavík, og Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyj-

um, til greiðslu in solidum á kr. 612.879.60 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krefjast stefnendur þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur þeirra í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í rekstri málsins hafa stefnendur breytt dómkröfum sínum á þá leið, að þeir krefjast þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 328.479.60 með 6% ársvöxtum af kr. 612.879.60 frá 30. janúar 1954 til 31. maí 1954, af kr. 529.799.35 frá þeim degi til 10. júlí 1954, af kr. 453.799.35 frá þeim degi til 30. september 1954, af kr. 400.300.85 frá þeim degi til 3. október 1954, af kr. 354.246.52 frá þeim degi til 23. s. m., af kr. 344.411.57 frá þeim degi til 23. júní 1955 og af kr. 328.479.60 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðrétti, svo sem fyrr var greint.

Með stefnu, útgefinni 5. desember 1955, gekk Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi, inn í mál þetta sem meðalgöngustefnandi við hlið aðalstefnanda og krafðist þess, að stefndu yrðu in solidum dæmdir í meðalgöngusök til þess að greiða meðalgöngustefnanda kr. 284.400.00 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Einnig krafðist meðalgöngustefnandi þess, að viðurkenndur yrði með dómi sjóveðréttur hans í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Síðan hefur meðalgöngustefnandi breytt vaxtakröfum sínum á þá lund, að hann krefst 6% ársvaxta af kr. 83.080.25 frá 31. maí 1954, af kr. 76.000.00 frá 10. júlí 1954, af kr. 53.498.50 frá 30. september 1954, af kr. 46.054.33 frá 3. október 1954, af kr. 9.834.95 frá 23. október 1954 og af kr. 15.931.97 frá 23. júní 1955, í öllum tilvikum til greiðsludags.

Breytingar á upphafsdögum vaxtareiknings í báðum sökum stafa af því, að þá daga fóru fram greiðslur meðalgöngustefnanda á váttryggingafé Orra til aðalstefnanda.

Í aðalsökinni hefur Váttryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f hér í bæ verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur fram borið.

Í aðalsök hafa stefndu aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækunar á dómkröfum aðalstefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla. Í meðalgöngusök hafa þeir aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara læk-

unar og að málskostnaður verði látinn falla niður. Þá hafa þeir og mótmælt því, að vextir verði taldir frá fyrri tíma en stefnudegi í meðalgöngusök.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum svo, að vélbátur þeirra, Orri, SH 95, kom úr róðri til Ólafsvíkur hinn 30. janúar 1954, kl. 18.30, og var bátnum lagt fyrir þveran enda norðurbyggjunnar. Lá báturinn þar um kyrrt, meðan dagsaflinn var settur í land, svo og lína sú, er notuð hafði verið í róðrinum, og að því loknu látin í bátinn sú lína, er beitt hafði verið í landi og nota skyldi í næsta róður, er farið yrði í þá um kvöldið. Um kl. 22.00 færðu skipstjóri og menn hans bátinn og lögðu honum utan á bakborðshlið v/s Odds, V E 353, sem lá einnig við norðurbyggjuna, þannig að stefni vissi inn í höfnina, en skutur nam við bryggjuspörð. Orra var lagt þannig, að stefni beggja skipa vissu í sömu átt. Að framan var Orri festur með nýrri 2" vírmanillu, sem vafið var 5—6 sinnum um polla og lokað með hálfstikki. Frá pollanum lá vír þessi um stjórnborðsframkeila Orra og í bakborðskefa í hvalbak Odds í járnpolla á Oddi. Var vírnum brugðið nokkrum sinnum um pollann og læst með hálfstikki, en lausi endinn bundinn með snæri. Skipin voru einnig bundin saman að framan með 4" grastógi, og var það þverband fest í aðra polla á skipunum.

Skipin voru fest saman að aftan með nýrri 2" vírmanillu, sem brugðið var nokkrum sinnum um krussholtið á hvoru skipi um sig og læst með hálfstikki. Einnig var notuð önnur fangalína úr vírmanillu, sem fest var með sama hætti og hin á sama krussholt á Oddi, en brugðið var nokkrum sinnum um annan járnpolla á Orra og læst með hálfstikki. Enginn slaki var á böndum þeim, sem tengdu skipin. Er skipverjar á Orra höfðu lokið við að binda skipið, fóru þeir í land til að matast, en skipstjóri lagði fyrir tvo þeirra að fara um borð, þegar þeir hefðu lokið borðhaldi. Oddur hafði legið við bryggjuna síðan kl. 10 um morguninn, og hafði verið unnið að því allan daginn og kvöldið að losa úr honum salt. Veður hafði verið gott allt fram til kl. 22.30, en þá tók veður að versna, og veðurspá var um, að fljótlega færi veður versnandi. Stefnandi Víglundur annaðist um losun saltsins úr Oddi, og þegar veðrið fór að versna, átti hann tal við skipstjórann á Oddi, stefnda Guðmund, og tjáði honum, að losun yrði brátt að hætta vegna veðurútlitsins, svo og að öruggara myndi vera að flytja Odd frá bryggjunni, þegar vinnu yrði hætt. Um klukkustund síðar, þ. e. um kl. 23.30, tilkynnti stefnandi Víglundur stýrimanninum á Oddi, að vinnu yrði hætt á miðnætti

og enn fremur að hann myndi sjá um, að vélstjóri á Orra yrði sóttur til að flytja Orra utan af Oddi. Fáum mínútum síðar skall á afspyrnuveður af SA, og var vindhæð á að gizka 10—12 stig. Slitnuðu landfestar Odds fljótlega, og rak hann inn með bryggjunni á báta, er lágu fyrir innan. Var honum þegar siglt aftur á bak út með bryggjunni og forvír færður fram á enda hennar. Áður en þetta gerðist, höfðu skipverjarnir tveir, er gæta skyldu Orra, komið til skips, en annar þeirra fór í land, þegar veðrið skall á, og var ætlan hans að sækja vélstjóran. Hinn skipverjinn, Þórður Halldórsson að nafni, var eftir niðri í skipinu. Heyrði hann, að kallað var um borð, örskömmu eftir að félagi hans fór, og var spurt, hvort þar væri nokkur. Hann sá engan mann og svaraði ekki kalli þessu, en sá, að festar Orra voru í lagi. Fór hann því í hlífðarföt, en þegar hann kom upp á þilfar, varð hann þess var, að Oddur var laus frá bryggjunni og að Orri var að slitna frá Oddi. Ekkert var reynt til að koma dráttartaug milli skipanna, og rak Orra því undan veðri og vindi, þar til hann tók niðri á skeri norðan við bryggjuna. Stóð hann þar nokkra stund, og brotnaði á hann gat, og sökk hann því fljótt, er aðfall lyfti honum af skerinu. Sigluendarnir einir stóðu upp úr sjó, og batt Þórður sig þar fastan, og tókst að bjarga honum þaðan rúmum tveimur stundum síðar. Þegar skildi með skipunum, var Oddi siglt áfram, og tókst að ná honum út á víkina, þar sem stöðvað var og látið reka.

Orri varð með öllu ónýtur af strandi þessu, og telja stefnendur, að skipverjar á Oddi hafi átt alla sök á tjóni því, er af hlaut, þar eð þeir fóru frá bryggjunni, án þess að Orri yrði leystur frá Oddi áður, svo og hafi verið látið undir höfuð leggja að koma á dráttartaug milli skipanna og taka Orra í drátt, er hann slitnaði frá Oddi. Telja þeir eigendur Odds því bótaskylda, en tjónið sundurliða stefnendur svo:

36 stk. beitt bjóð á 442/—	kr.	15.912.00
20 — bólfæri á 160/—	—	3.200.00
22 — lóðabelgir á 53/—	—	1.166.00
3 — bojulugtir á 505/—	—	1.515.00
2 — ljósabojur á 750/—	—	1.500.00
4 — lóðadrekar á 100/—	—	400.00
1 — línurúlla á 1200/—	—	1.200.00
22 — bambusstengur m/leggjum og böndum 45/-	—	990.00
1 — lóðarrenna á 1800/—	—	1.800.00
58 — netasteinar á 2/50	—	145.00
6 — hvíludýnur á 63/—	—	378.00

Matarílát	kr.	2.000.00
1 stk. björgunarfleki á 1850/—	—	1.850.00
Sleftóg	—	1.800.00
Festarbönd	—	1.200.00
Öryggiskostur	—	800.00
Dýptarmælir með niðursetningu	—	24.500.00
Fatnaður og hlífðarföt 5 manna 2370.— ..	—	11.850.00
Yfirbreiðslur yfir bjóð	—	1.600.00
Löndunarháfur	—	1.400.00
Aflatap frá 30/1—14/2: 78280 kg óslægð- ur þorskur á 0/95	—	74.366.00
Gjaldeyrisfríðindi á 78280 kg á 0/17	—	13.307.60
M/b Orri, S H 95, í því ástandi, sem hann var, þegar m/s Oddur, V E 353, fór með hann frá bryggju, að undanskildum þeim munum, sem að ofan eru taldir	—	450.000.00

Samtals kr. 612.879.60

M/b Orri var váttryggður hjá meðalgöngustefnanda fyrir kr. 284.400.00, en sú fjárhæð var 90% af virðingarverði hans til váttryggingar. Á tímabilinu frá 31. maí 1954 til 23. júní 1955 greiddi meðalgöngustefnandi aðalstefnendum fjárhæð þessa, og lækkuðu þeir dómkröfur sínar samkvæmt því. Hins vegar krefur meðalgöngustefnandi stefndu um endurgreiðslu tryggingarfjárins í meðalgöngusök.

Aðalsök.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að skipverjar á Oddi hafi enga sök átt á því, að Orri slitnaði frá og fórst. Telja þeir, að óviðráðanlegt hafi verið, hversu til tókst, enda veðurofsinn svo mikill, að áhöfn Odds átti fullt í fangi með að bjarga sínu skipi, og hafi því ekkert getað aðhafzt til að aftra því, að Orri slitnaði frá. Þá staðhæfa þeir, að þegar kl. 22.30 um kvöldið hafi Ólafur Stefánsson, en hann var stýrimaður á Oddi, sent skilaboð til skipverja á Orra og útgerðarmanns hans, þ. e. stefnanda Víglunds, um að flytja þyrfti Orra strax, þar eð gera mætti ráð fyrir, að Oddur yrði að fara frá bryggju. Einnig segir stýrimaðurinn, að kl. 23.15 hafi hann áminnt stefnanda Víglund um að láta flytja Orra þegar í stað, og hafi hann brugðizt vel við því og lagt af stað upp bryggjuna, væntanlega til þess að sækja áhöfn Orra. Segja stefndu, að 20 mínútum síðar hafi veðurhrinan skolið á með þeim afleiðingum fyrir Odd, sem fyrr var

lýst. Hafi því ekki verið á öðru kostur en að fara frá bryggju með Orra á síðunni, enda mannaflí á Oddi ekki nægur til að sinna Orra, samtímis því að Oddi var bjargað úr bráðri hættu við bryggjuna. Lækkunarkröfu sína byggja stefndu á því, að sök á tjóninu beri að skipta með aðiljum, og styðja það við sömu rök, sem fyrr greinir, svo og það, að Orri hafi að þarflausu verið fluttur úr fyrri lægi sínu og bundinn utan á Odd og að útgerðarmaður og áhöfn Orra hafi sýnt vítavert tómlæti um að taka Orra af síðu Odds, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli af hálfu stýrimannsins á Oddi.

Fyrr var því lýst, að stefnandi Víglundur var verkstjóri við losun Odds. Samkvæmt vætti stefnanda Víglunds í sjó- og verzlunardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hinn 6. febr. 1954 var veður farið að versna, tæpum hálf tíma eftir að lokið var við að binda Orra á síðu Odds, og ráðlagði stefnandi Víglundur skipstjóranum á Oddi að flytja skip sitt frá bryggju, vegna þess að líkur voru á óveðri. Hins vegar gerði stefnandi Víglundur þá engar ráðstafanir til að taka Orra af síðu Odds og koma honum í hættuminna lægi fyrr en svo seint, að ekki voru lengur tæk á að framkvæma það, og hafði stýrimaður Odds þá óskað eftir, að skipið yrði flutt burtu. Enginn skipverja á Orra hafði neinn viðbúnað, fyrr en í óefni var komið, þrátt fyrir vaxandi horfur á illviðri og þá staðreynd, að tveir þeirra voru um borð í skipinu. Skipverjar á Oddi hafa talið, að þeir hafi ekki átt annan kost en þann að fara frá bryggjunni með Orra bundinn á síðu Odds, enda hafi það verið fyrirætlun þeirra. Hins vegar hafi þetta ráð ekki gefizt sem skyldi, þar eð veðurofsinn var svo mikill, að Orri sleit þegar festar sínar, er út fyrir bryggjuendann var komið, og ekki hafi verið um nægan mannafla að ræða á Oddi til þess að bjarga Orra samtímis, með því að draga hann út úr höfninni.

Telja verður, að áhöfn Odds hafi tekizt á hendur allmikla ábyrgð á afdrifum Orra með því að fara frá bryggju með hann bundinn á síðuna, og verða stefndu því taldir eiga nokkra sök á tjóni stefnenda. Hins vegar er ljóst af framanrituðu, að háttarni áhafnar Orra varð einnig meðorsök strandsins, og þykir bera að skipta sökinni með aðiljum þannig, að stefndu beri $\frac{2}{3}$ hluta sakar, en stefnendur $\frac{1}{3}$ hluta. Verður þá næst fyrir að athuga fjárhæð tjónsins.

Hér á undan var rituð skrá stefnenda um veiðarfæri og aðra óvátryggða muni, sem fórust með skipinu, svo og annað tjón þeirra. Verður skránni hér skipt í 4 flokka:

1. Veiðarfæri og áhöld, samtals	kr. 63.356.00
2. Fatnaður skipverja	— 11.850.00
3. Aflatjón	— 87.673.60
4. Verðmæti skipsins umfram tryggingarfé	— 165.600.00

Alls kr. 328.479.60

Um 1.

Övéfengt er af hálfu stefndu, að munir þessir hafi farizt með skipinu. Þykir verð það, er stefnendur hafa talið á munum þessum eftir atvikum rétt, og verður krafa þessi því tekin til greina óbreytt.

Um 2.

Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að í skipinu hafi verið fatnaður skipverja, er svaraði til þessarar fjárhæðar að verðmæti, og jafnframt er mati stefnenda mótmælt á þeim grundvelli, að verðið sé miðað við nýjan fatnað og skjólföt, en ekki gamalt og notað, eins og það muni raunverulega hafa verið.

Af gögnum þeim, sem fyrir hendi eru, þykir mega ætla, að tjón af þessum völdum hafi numið kr. 7.500.00, og verður miðað við þá fjárhæð.

Um 3.

Stefnendur höfðu ekki skip til umráða eftir strand Orra fyrr en 14. febrúar 1954, og telja þeir sig því hafa misst afla í 15 daga. Hafa þeir áætlað aflamagnið á þeim tíma rúmar 78 lestir á kr. 0.95 hvert kg, og gjaldeyrisfríðindi meta þeir kr. 0.17 fyrir hvert kg. Hins vegar hafa þeir ekki gert ráð fyrir neinum tilkostnaði af öflun þessara verðmæta. Stefndu hafa eindregið mótmælt þessum kröfulið, sem þeir telja bæði ýktan og ósannaðan. Halda þeir fram því, að þegar tillit sé tekið til venjulegra útgjalda í sambandi við rekstur slíks skips, sem Orri var, muni koma í ljós, að hann hafi verið rekinn með halla á þessu tímabili.

Engin örugg gögn eru fyrir hendi um tjón stefnenda af þessum sökum, en líklegt verður að telja, að þeir hafi beðið tjón af aflamissi, og þykir það hæfilega áætlað kr. 6.000.00.

Um 4.

Stefnendur halda því fram, að raunverulegt verðmæti Orra hafi verið kr. 450.000.00, er hann fórst. Styðja þeir það m. a. við virðingar- og skoðunarvottorð, dags. 6. febr. 1952, er ætlað var Fiskveiðasjóði Íslands. Er skipið þar virt á kr. 436.100.00.

Hinir sömu skoðunarmenn hafa gefið vottorð um, að þeir hafi talið skipið a.m.k. kr. 450.000.00 virði um vorið 1953. Stefnu hafa eindregið mótmælt því, að til greina komi annað mat á verðmæti skipsins en váttryggingarvirðing þess og hámarkstjón stefnenda því kr. 31.600.00.

Ljóst er af gögnum málsins, að Orri hefur verið virtur til váttryggingar á kr. 316.000.00, eftir að fram fór virðing og skoðun í febrúar 1952, og að engin virðing eða mat hefur farið fram síðan, svo vitað sé. Þykir því verða að leggja til grundvallar váttryggingarverðmæti skipsins, kr. 316.000.00. Stefnendur hafa þegar fengið 90% þeirrar fjárhæðar í bætur, og verður tjón þeirra samkvæmt þessum lið því talið nema kr. 31.600.00.

Samkvæmt framansögðu verður óbætt tjón stefnenda talið kr. 108.456.00 (þ.e. kr. 63.356.00 + kr. 7.500.00 + kr. 6.000.00 + kr. 31.600.00), og ber að dæma stefndu til að greiða þeim það að tveimur þriðju hlutum með kr. 72.304.00. Vaxtakröfu stefnenda ber og að taka til greina, en við útreikning hennar verður að hafa í huga heildartjón stefnenda, sem nam samkvæmt framansögðu kr. 108.456.00 + kr. 284.400.00, eða samtals kr. 392.856.00. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum 6% ársvexti af $\frac{2}{3}$ hlutum þeirrar fjárhæðar (þ. e. kr. 261.904.00) til þess dags, er fyrsta greiðsla á váttryggingarfé fór fram, og síðan af lækkandi tjónsfjárhæð, eftir því sem framhaldsgreiðslur gáfu efni til. Stefnendur hafa sjálfir talið greiðslurnar svo: Hinn 31. maí 1954 kr. 83.080.25, hinn 10. júlí 1954 kr. 76.000.00 og hinn 30. sept. 1954 kr. 53.498.50, en af þeirri greiðslu hafa einungis kr. 30.519.75 áhrif, enda er tjónsfjárhæðin þá komin niður í kr. 72.304.00. Eftir þessum málalokum ber og að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00. Loks ber að taka til greina kröfu stefnenda um viðurkenningu sjóveðréttar þeirra í Oddi til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Meðalgöngusök.

Eins og fyrr var greint, hefur meðalgöngustefnandi greitt váttryggingarféð, kr. 284.400.00, og krefst nú endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefndu, enda telur hann þá bera bótaábyrgð á öllu því tjóni, er af strandi Orra varð.

Stefndu hafa stutt sýknu- og lækkunarkröfur sínar hinum sömu rökum sem í aðalsök. Þeir véfengja jafnframt endurkröfurétt meðalgöngustefnanda og telja, að regla 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 um takmarkanir á slíkum rétti eigi að gilda um þetta tilvik.

Með vísan til þess, sem sagt var hér að framan um sök stefndu á tjóni stefnenda, ber að taka kröfu meðalgöngustefnanda til greina að $\frac{2}{3}$ hlutum og dæma stefndu til að greiða honum kr. 189.600.00 með 6% ársvöxtum, er rétt þykir að reikna þannig, að í stað tveggja fyrstu fjárhæðana og vaxtadaganna í kröfugerð meðalgöngustefnanda komi kr. 64.280.25 og 10. júlí 1954, en að öðru leyti verður tekin til greina kröfugerð meðalgöngustefnanda óbreytt. Þá ber og að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar í meðalgöngusök, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt meðalgöngustefnanda í Oddi.

Dóminn kváðu þeir upp Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Hannes Pálsson skipstjórar.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, stefnendum, þeim Lúðvík Kristjánssyni, Sigurði Kristjónssyni og Víglundi Jónssyni, kr. 72.304.00 með 6% ársvöxtum af kr. 261.904.00 frá 30. jan. 1954 til 31. maí 1954, af kr. 178.823.75 frá þeim degi til 10. júlí 1954, af kr. 102.823.75 frá þeim degi til 30. september 1954 og af kr. 72.304.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 8.000.00 í málskostnað, og eiga stefnendur sjóveðrétt í v/s Oddi, V E 353, til tryggingar fjárhæðunum.

Í meðalgöngusök greiði stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, meðalgöngustefnanda, Bátatryggingu Breiðafjarðar, kr. 189.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 64.280.25 frá 10. júlí 1954, af kr. 53.498.50 frá 30. september 1954, af kr. 46.054.33 frá 3. október 1954, af kr. 9.834.95 frá 23. október 1954 og af kr. 15.931.97 frá 23. júní 1955 til greiðsludags, í öllum tilvikum, svo og kr. 14.000.00 í málskostnað, og á meðalgöngustefnandi sjóveðrétt í v/s Oddi, V E 353, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.